



Reykjavík, 7. júní 2021
R19110027

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um Heilsuborgina Reykjavík - Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030

Almennt

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til 2030, og þeim aðgerðum sem henni fylgja. Ráðið bendir þó á mikilvægi þess að nefna þær breytur og hópa sem skulu sérstaklega vera skoðaðir og skal hafa í huga í allri vinnu og öllum aðgerðum áætlunarinnar. Slík útlitun hvetur þá sem vinna að aðgerðunum að taka mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Er þá sérstaklega horft til kyns, uppruna, aldurs, fötlunar, hinseginleika, líkamsgerðar, efnahags o.fl. Vitað er að líðan og heilsa fólks ásamt tækifærum til að stunda líkamsrækt, taka þátt í frístundastarfi, kaupa hollari vörur, sækja sér sálfræðiþjónustu og annað slíkt sem kann að auka heilsu og vellíðan fólks er ólíkt eftir kyni, uppruna, fötlun/ófötlun, hinseginleika, stöðu, efnahag og líkamsgerð.

Skaðaminnkun

Hvatt er til þess að bæta inn „skaðaminnkun“ sem meginmarkmiði auk aðgerða er varða skaðaminnkun.

Undir markmið 1.b. – Fyrirmyndarborg í forvörnum. Hér þyrfti að ávarpa breiðari hóp. Auk þess að verja börn frá vímuefnanotkun þarf að huga að velferð barna sem eru í vímuefnanotkun, minnka þeirra skaða og draga úr líkum á skaðaáhættu og dauðsföllum. Íslenska forvarnarmódelinu er oft hampað og verulega ánægjulegt að börn og unglingar búi mörg við betri skilyrði en áður. En hinsvegar er mikilvægt að ávarpa umræðuna varðandi þann hóp af ungmennum sem eru nú þegar með fjölþættan vanda vegna vímuefnanotkunar og/eða áfallasögu. Hópur barna og ungmenna þorir ekki að leita sér skaðaminnkandi þjónustu af hræðslu við núverandi barnaverndarlög sem gera ráð fyrir tilkynningaskyldu. Sum þau úrræði sem taka við eftir tilkynningu hafa jafnvel aukið á vanda þessara einstaklinga. Forvarnarmódelið hefur mögulega jafnarsett þennan hóp og mikilvægt að þarfagreina nánar í samvinnu við ríkið og bregðast við. Hér er einnig mikilvægt að líta til snemmtækra íhlutunar þegar það kemur að því að aðstoða hóp barna sem búa við óviðunandi aðstæður. Rannsóknir benda til þess að manneskjur sem eiga áfallasögu aftur í barnæsku eru mun líklegri til að búa við verri geðheilsu seinna meir og ekki í nægjanlegri samfélagslegri virkni. Það leiðir af sér slæma lýðheilsu. Það er því mikilvægt að hlúa að þessum hópi með snemmtækri íhlutun og auknu aðgengi að faglegri aðstoð. Þetta er ein birtingarmynd skaðaminnkunar.



Reykjavík, 7. júní 2021
R19110027

Undir markmið 2.b. Þar sem kveðið er á um „að ná til viðkvæmra og jaðarsettra hópa í hvers kyns lýðræðis-, félags- og menningarstarfsemi” væri gott að opna þessa setningu á þann hátt að tryggja samráð jaðarsettra hópa í ákvörðunum sem varða þá, ekki bara í afmörkuðu starfi. Það þyrfti að bæta inn „notendamiðuð nálgun í þjónustu við jaðarsetta hópa.” Til dæmis við veitingu þjónustu á heimilum sem og við mótun og þróun borgarlandsins og svæði sem eru þessum hópi dýrmæt, svo að hægt sé meðal annars að meta áhrifin og koma til móts við þau með mótvægisáðgerðum.

Undir markmiðum 3.a. og 3.b. Þar sem kveðið er á um samstarf og að byggja ákvarðanir á bestu mögulega þekkingu væri gott að bæta inn mikilvægi fordómaleysis og gagnreyndra aðferða. Það væri gott að setja inn aðgerð þar sem ávörpuð er sú greining sem ríkið stendur fyrir á lýðheilsu heimilislausra einstaklinga og hvernig sé verið að mæta þeirra grunnþörfum. Það er mikilvægt að rýna niðurstöður hennar og vinna aðgerðir í samstarfi við ríkið.

Að auki væri gott að ávarpa að hefja samtal við ríkið um mikilvægi þess að viðurkenna í lögum langvarandi heimilisleysi sem heilbrigðisvanda samhliða viðurkenningu á geðvanda einstaklinga í virkri vímuefnaneyslu svo hægt sé að bjóða enn betri og samþættari þjónustu þar sem velferðarkerfið og heilbrigðiskerfið vinnur náið saman.

Nánar um aðgerðir

Það eru ýmsar aðgerðir sem skortir tengingu við mannréttindastefnu borgarinnar og jafnréttismál.

- Í aðgerð 1.3 er mikilvægt að huga að kynjavídd þegar leikskólar eru til skoðunar;
- Í aðgerð 1.7 er mikilvægt að huga að fjölbreytileika eldra fólks, t.d. eldra fólks af erlendum uppruna og eldra hinsegin fólks
- Í aðgerð 1.1 er mikilvægt að greina styrkveitingar út frá mannréttindastefnunni
- Í aðgerð 1.17 og 1.18 er mikilvægt að tengja saman matarstefnuna við loftslagsmál og lýðheilsu með skýrari hætti og fræða um umhverfisáhrif matvæla
- Í aðgerð 1.16 er mikilvægt að skoða aðalskipulag með kynjagleraugum og huga að nýtingu borgarrýmis eftir kyni sem og öryggistilfinningu fólks
- Í aðgerð 1.8 er mikilvægt að sýna ólíkar líkamsgerðir og huga sérstaklega að því að ala ekki á fitufordómum
- Í aðgerðum 1.4, 1.9, 1.10, 1.11, 1.12, 1.13, 1.19, 2.1, 2.5, 3.4 og 3.5 er mikilvægt að greina allar niðurstöður og taka mið af ólíkum hópum í öllum verkefnum út frá kyni, aldri, uppruna, líkamsgerð, hinseginleika, fötlun og öðrum breytum sem nefndar eru í mannréttindastefnunni eins og við á.



Reykjavík, 7. júní 2021
R19110027

Samstarf

Eins er bent á mikilvægi þess að tryggja að samstarfsaðilar Reykjavíkurborgar í lýðheilsuverkefnum taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og hafi ólíka stöðu og ólíka hópa í huga við gagnasöfnun og í aðgerðum.

Framsetning

Í framsetningu í drögum að lýðheilsustefnu er notast við teiknaðar myndir sem eru nokkuð einsleitar. Það er ekki hægt að sjá annað en að allt fólk á þeim sé hvítt, ekkert gefur til kynna hinseginleika og það er engin með sýnilega fötlun svo eitthvað sé nefnt. Þetta þarf að bæta til að sýna betur fram á fjölbreytileika borgarbúa.